

## Áætlun um aðlögun nýrra barna

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu árangursrík og ánægjuleg. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskólans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnst nýju fólki og börnunum sem fyrir eru, læra að vera í hópi, hlíta reglum o.fl.

Þegar nýr nemandi kemur í leikskólann Sælukot kemur hann í aðlögun með foreldri. Foreldri (foreldrar) er/eru með barninu þar til barnið er öruggt með sig, foreldrið metur sjálf í samráði við Didi eða leikskólastjóra, hversu aðlögunartíminn er langur.

Í aðlögun er lagður grunnur að sameiginlegu markmiði um að tryggja sem best góða líðan og framfarir barnsins. Barnið er í brennidepli en starfsfólk og foreldrar mætast með þá sameiginlegu sýn að tryggja velferð þess. Lykilpersóna leggur sig fram um að mynda samband við barnið sem einkennist af trausti og hlýju og kynnir það fyrir nýju umhverfi og barnahópnum. Ætlast er til að barnið sé ekki allan daginn í Sælukoti fyrstu vikurna, en tíminn sem barnið dvelur í leikskólanum lengist dag frá degi.

### Velkomin aftur á ykkar annað heimili!

**1.dagur** Börnin mæta kl.9 og eru með foreldrum sínum til kl.11 en þá fara þau heim aftur

**2.dagur** 9- 11:45 Foreldrar eru með börnunum en geta vikið sér frá innan lóðarinnar.

Börnin borða hádegisverð

**3.dagur** 9-11:45 Foreldrar geta farið frá en þurfa að vera tilbúin að koma ef á þarf að halda  
Börnin borða hádegisverð

**4.dagur** 9-13:30 Foreldrar skilja börnin eftir. Þau sofa hádegislúrinn. 34